



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um lóðir í eigu Reykjavíkurborgar

Á fundi borgarráðs 7. júlí sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

Á fyrsta ársfjórðungi þessa árs sést að 23% samþykktar byggingarheimilda voru á lóðum í eigu Reykjavíkurborgar fyrir almennan markað. Þær eru allar ætlaðar til uppbyggingar á hinum almenna markaði. Hver eru rökkin fyrir því að borgin sjálf byggji ekki íbúðir á eigin lóðum eins og margar borgir í Evrópu gera og leigi síðan út eða selji á kostnaðarverði?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar dags. 10. október sl.

Svar við fyrirspurn:

Það er ekki eitt af lögbundnum verkefnum sveitarfélaga að byggja íbúðir (á almennum markaði) og ef borgin færi í slík verkefni gæti uppbygging slíkra íbúða falið í sér ívilnanir til sumra eða að borgin væri þá mögulega að fara inn á samkeppnismarkað.

Aftur á móti tekur Reykjavíkurborg virkan þátt í íbúðaruppbyggingu í borginni fyrir efnaminni einstaklinga, m.a. með stofnframlög, Félagsbústöðum o.fl. aðilum sem eru hluti af uppbyggingarmarkmiðum fyrir óhagnaðardrífín félög og margar íbúðir eru í uppbyggingu á þeirra vegum líkt og sjá mér hér: <https://reykjavik.is/husnaedi>

Ívar Örn Ívarsson
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara